

Landgræðsla ríkisins
Gunnarsholti
851 Hellu

Reykjavík, 14. júní 2016
Tilvísun: 1603059


Efni: Staðfesting landbótaáætlunar fyrir Rangárvallafrétt 2016-2025

Samkvæmt 3. mgr. 15. greinar breytingarreglugerðar nr. 536/2015 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu getur Landgræðsla ríkisins áritað landbótaáætlun hafi hún verið unnin í samráði við stofnunina og Landgræðslan sé henni samþykk. Landbótaáætlun 2016-2025, til 10 ára, fyrir Rangárvallafrétt barst óárituð til Matvælastofnunar þann 2. mars 2016. Matvælastofnun sendi landbótaáætlunina 30. mars 2016 til Landgræðslunnar til umsagnar í samræmi við ákvæði 4. mgr. 15. gr. fyrrgreindrar reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Umsögn barst frá Landgræðslunni þann 25. apríl 2016. Matvælastofnun óskaði eftir frekari svörum með bréfi þann 13. maí 2016 og svar barst frá Landgræðslunni þann 6. Júní 2016.

Það er niðurstaða Matvælastofnunar að henni beri að staðfesta Landbótaáætlun fyrir Rangárvallafrétt og byggir stofnunin þá niðurstöðu á umsögn Landgræðslunnar og ákvæði 7. mgr. 15. gr. breytingarreglugerðar nr. 536/2015 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Matvælastofnun leggur áherslu á sbr. fyrrgreint ákvæði að þáttakendur landbótaáætlunarinnar fylgi þeim ítarlegu tillögum sem koma fram í landbótaáætluninni um hvernig skuli dregið úr beitará lagi, svo sem, með fækkun fjár, aðgangi að öðru beitarlandi og styttri beitartíma og hvernig komið er í veg fyrir beit á landi í ástandsflökk 5. Þá er vakin athygli á því að Landgræðsla ríkisins fer með eftirlitsskyldu með framkvæmd landbótaáætlunar og framkvæmir árangursmat í samráði við þáttakendur hennar í samræmi við staðfesta landbótaáætlun.

Þáttakendur í gæðastýringu í sauðfjárrækt er jafnframt bent á að kynna sér vel kröfur sem settar eru um aðbúnað og umhverfi, skýrsluhald, jarðrækt, fóðrun, heilsufar, lyfjanotkun og afurðir í stofnreglugerð nr. 1160/2013 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu. Þeir sem uppfylla ekki kröfur um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu eiga ekki rétt á álagsgreiðslum úr ríkissjóði til samræmis við samning um starfsskilyrði sauðfjárræktar.

Virðingarfyllst,
f.h. Matvælastofnunar



Jón Baldur Lorange
framkvæmdastjóri
búnaðarmálaskrifstofu Matvælastofnunar

Fylgiskjal: Landbótaáætlun fyrir Rangárvallafrétt 2016-2025
Samrit: Landgræðsla ríkisins

Landbótaáætlun fyrir Rangárvallaafrétt 2016-2025

Inngangur

Áætlun er unnin af framleiðendum sem nýta Rangárvallaafrétt til beitar og sem jafnframt eru þátttakendur í gæðastýrðri sauðfjárframleiðslu. Á afréttinn er nú árlega sleppt 800 ám með lömbum og er gert ráð fyrir að svo verði út gildistíma þessarar áætlunar. Hefur orðið nokkur fækkun en árið 2005 var um 1.000 ám auk lamba sleppt á afréttinn.

Ástand afréttarins að frátöldum vötnum, fjöllum, grjótskriðum og jöklum er skv. eftirfarandi töflu frá Landgræðslunni.

Ástandsflokkur	Staða afréttar	
0-2 Ágætt, gott og sæmilegt	35,8%	21.187 ha
0-2 Uppgræðslusvæði	0,5%	277 ha
3 Slæmt	28,7%	16.974 ha
4 Mjög slæmt	18,3%	10.807 ha
5 Óhæft til beitar	16,7%	9.864 ha
Samtals:	100%	59.109 ha


Par sem meira en 33% landsins flokkast í ástandsflokkum 3, 4 og 5 og þar af meira en 5% landsins í ástandsflokk 5 þarf að gera landbótaáætlun sem felur í sér úrbætur á þessu skv. reglugerð nr. 1160/2013, sbr. breytingarreglugerð nr. 536/2015 um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu.

Markmið þessarar áætlunar eru eftirfarandi:

- Landbætur: Græddir verða upp 200 ha þannig að gróðurþekja uppgræðslunnar nái 50% á gildistíma áætlunarinnar. Þannig lækki hlutfall lands í ástandsflokkunum slæmt og mjög slæmt. Unnið verður að því að mynda samfelld gróðurlendi sem eiga að vera sjálfbær og auka beitargildi afréttarins
- Beitarstýring: Hámarksbeitartími verði 70 dagar ár hvert.
- Friðun: Svæði á Rangárvallaafrétti frá afréttarmörkum vestan við Heklu að Grasleysufjöllum í austri, Innri Vatnafjöll í suðri og norður að Blautukvísl vestan Eystri Rangár verða friðuð fyrir beit á gildistíma áætlunarinnar. Mælifellssandur og land austan hans verður einnig friðað á gildistímanum.

Aðgerðir

Framangreindum markmiðum um landnýtingu skal náð með eftirfarandi aðgerðum framleiðenda:



Landbætur:

Borinn verður á tilbúinn áburður á um 100 hektara á ári sem dreifist á tvö svæði, vestan Hafrafells og inn með Rangá að Hrossadölum. Umfang árlegra uppgræðsluaðgerða er sett fram í töflu 1.

Ár	Svæði	Áb tonn	Ha
2016	Inn með Rangá að Hrossadöllum	10	50
2016	Vestan Hafrafells í átt að Selflöt	10	50
2017	Inn með Rangá að Hrossadöllum	10	50
2017	Vestan Hafrafells í átt að Selflöt	10	50
2018	Inn með Rangá að Hrossadöllum	10	50
2018	Vestan Hafrafells í átt að Selflöt	10	50
2019	Inn með Rangá að Hrossadöllum	10	50
2019	Vestan Hafrafells í átt að Selflöt	10	50
2020	Inn með Rangá að Hrossadöllum	10	50
2020	Vestan Hafrafells í átt að Selflöt	10	50
2021	Heild	20	100
2022	Heild	20	100
2023	Heild	20	100
2024	Heild	20	100
2025	Heild	20	100

Tafla 1. Umfang uppgræðsluaðgerða 2016-2025

Áburður skal vera a.m.k. tvígildur NP áburður. Miðað er við að borin séu 150-200 kg af tilbúnum áburði pr. ha, en sé um sáningu að ræða er miðað við 30-50 kg af grasfræi og 300 kg af tilbúnum áburði pr. ha. Sáningu og áburðardreifingu skal framkvæma eins snemma að sumri til og kostur er og eigi síðar en 1. júlí, þó með fyrirvara um að búið sé að opna veginn inn á afréttinn (F210).

Ábyrgðaraðili fyrir framkvæmd landbóta er fjallskilanefnd á hverjum tíma.

Beitarstjórnun: Fé verður ekki sleppt á afréttinn fyrr en í fyrsta lagi 10. júlí ár hvert og að undangenginni gróðurskoðun. Ákvörðun um upprekstur verður auglýst í héraðsblaði og er óheimilt að reka á afréttinn áður en slík auglýsing hefur verið birt. Göngur hefjast aðra helgi í september og réttað er þriðja laugardag í september og heildarbeitartími á afréttinum er því ávallt skemmri en 70 dagar.

Friðun: Svæði frá afréttarmörkum vestan við Heklu að Grasleysufjöllum í austur, Innri Vatnafjöllum í suðri og norður að Blautukvísl vestan við Eystri Rangá á Rangárvallafrétti verður friðað fyrir beit á gildistímanum. Einnig verður Mælifellssandur og land austan hans friðað fyrir beit. Sauðfé sem kemur fyrir á hinu friðaða svæði verður fargað eða haldið heima. Til þess að tryggja þetta verður einstaklingsnúmerum og bæjarnúmerum af því fé sem kemur fyrir á friðuðum svæðum safnað saman og haldið til haga af fjallskilastjórn ár hvert. Komi fé fyrir í tvígang á svæðinu telst það jafngilda því að eigandi þess gangi gegn ákvæðum þessarar landbótaáætlunar. Sama regla gildir fyrir fé sem kemur fram á friðuðum svæðum annarra afréttu.

Staðsetningu uppgræðslu og friðaðra svæða má sjá á meðfylgjandi korti.

Beitarálag. Þar sem ljóst er að viðmið um ástand, sbr. viðauka I í reglugerð nr. 1160/2013 með síðari breytingum, nást ekki á gildistíma áætlunarinnar felur hún í sér aðgerðir til þess að draga úr beitarálagi, sbr. 7. mgr. 15. gr. reglugerðarinnar. Með samspili ákvæða áætlunarinnar um uppgræðslu, beitarstýringu og friðun er gert ráð fyrir að dragi umtalsvert úr beitarálagi með framkvæmd áætlunarinnar.

Árangursmat:

Fyrirhuguð landbótasvæði verða metin sumarið 2017 þar sem hlutfall gróðurs á yfirborði verður mælt á 4 stöðum innan hvers uppgræðslusvæðis sem valdir verða handahófskennt eftir GPS hnitarkefni. Mælingarnar verða endurteknar sumarið 2022 á sama hátt þannig að glögg mynd fáist af árangri landbótanna. Árangursmatið verður unnið af Landgræðslu ríkisins í samráði við ábyrgðaraðila áætlunarinnar.

Gildistími – endurskoðun


Áætlun þessi gildir frá 1. mars 2016 til 31. desember 2025.

Verði verulegar breytingar á forsendum áætlunar þessarar á gildistíma hennar er heimilt að breyta og/eða endurskoða áætlunina. Breyting og/eða endurskoðun áætlunarinnar skal vera skrifleg og staðfest með undirritun allra aðila áætlunarinnar.

Um breytingar gilda ákvæði reglugerðar um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu um umsögn Landgræðslu ríkisins, staðfestingu Matvælastofnunar og e.a. önnur atriði.

Áætlun þessi er gerð í **tveimur eintökum**. Til staðfestingar á þessari áætlun, rita framleiðendur hér nöfn sín í viðurvist vitundarvotta:

Ansel Tómasson
Lindvirk Bergmann
Halla Bjarnadóttir
Ingvor Magnússon
Asgerdur Sjöfn Guðmundsdóttir
Björn Þórðarson
Guðrún Ógírmund
Steinn Þórsson
Fríjumar Þórsson
Aðalís Ólafsdóttir
Ani Árnarson
Síður Steinarsdóttir



Vitundarvottar:


Erla Þóra Ríðar
Kirsten Þorbjörnsdóttir

Eyrir hönd Matvælastofnunar sky. 5. mgr. 15. gr. reglugerðar um gæðastýrða
sauðfjárframleiðslu nr. 1160/2013, sbr. breytingareglugerð nr. 536/2015.

Rangárvallafréttur - vinnukort

Skýringar:

- afréttarmörk
- 3 slæmt
- 4 mjög slæmt
- 5 óhæft til beitar
- fjöll, grjótskriður og jöklar
- uppgræðsluslusvæði
- vatn
- vantar upplýsingar
- fyrirhuguð friðun
- fyrirhuguð uppgræðsluslusvæði



1. Vestan Hafrafells í áttar Selflöt
2. Inn með Ranga að Hrossadalum



0 1 2 4 6 8 Kilometers

Rangárvallaafréttur

Stærð 89.801 ha

Ástandsflokkun	Ha	%
Ágætt, gott eða sæmilegt (0-2)	16.623	39,4
<i>Uppgræðsluslavæði (0-2)</i>	277	0,7
<i>Fyrirhuguð uppgræðsluslavæði</i>	138	0,3
Slæmt (3)	12.410	29,4
Mjög slæmt (4)	6.169	14,6
Óhæft til beitar (5)	6.603	15,6
	42.220	100,0

Fyrirhuguð friðun	31.253
Vötn	188
Fjöll, grjótskriður og jöklar	15.841
Vantar upplýsingar	299
	47.581

